

Alþingi
Erindi nr. P/132/1925
komudagur 28.4.2006


Dómarafélag Íslands
Dómhúsinu við Lækjartorg
Pósthólf 767
121 Reykjavík

28. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 12. apríl 2006, barst Dómarafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál, heildarlög.

Hjálagt fylgir umsögn stjórnar félagsins.



f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands
Hjördís Hákonardóttir
formaður

Umsögn stjórnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál, heildarlög.

Almennar athugasemdir.

Stjórn Dómarafélags Íslands lýsir ánægju með og stuðningi við þá nálgun nefndarinnar að greina annars vegar á milli æðstu ráðamanna þjóðarinnar og dómara, og hins vegar annarra hópa sem kunna að heyra undir ákvörðun samkvæmt frumvarpinu. Eðli starfa fyrrnefnda hópsins og ábyrgð markar þeim sérstöðu enda um að ræða skilgreinda valdþætti ríkisins samkvæmt stjórnarskrá.

Sú skörun sem orðið hefur vegna ákvarðana Kjaradóms annars vegar og kjaranefndar hins vegar hefur valdið erfiðleikum og er sú breyting að úrskurðaraðili verði einn, kjararáð, til mikilla bóta. Einnig eru til bóta reglur um starfshætti ráðsins og áherslur á hæfni, álag og ábyrgð við ákvörðun launa.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er markmið laganna tvíþætt, „að ákveða þeim sem undir [ákvarðanir kjararáðs] falla sanngjörn kjör og tryggja ríkinu hæfa starfsmenn“. Réttilega er tekið fram að til þess að þetta megi verða þurfi „kjörin sem standa til boða [að vera] samkeppnisfær við það sem almennt gerist á vinnumarkaði“. Auk þessa skal gætt innra og ytra samræmis við laun annarra þjóðfélagshópa.

Það skilyrði, að við breytingu á launum þeirra sem ákveða skal kjör samkvæmt frumvarpinu skuli ætíð tekið tillit til almennrar þróunar á vinnumarkaðinum, er ekki óeðlileg. Hins vegar hefur reynslan sýnt að þetta er það atriði sem ítrekað hefur valdið ágreiningi og upplausn í kjölfar ákvarðana Kjaradóms. Virðist sá ágreiningur gjarnan snúast um túlkun á því hvort framangreinds skilyrðis hafi verið gætt. Er athygli vakin á því að þetta skilyrði kann að valda ósamræmi við það markmið að laun séu samkeppnisfær við það sem almennt gerist á vinnumarkaði og það að tryggt sé að hæfir starfsmenn fái. Kjarasamningar stórra hópa lúta öðrum lögmálum að því er réttindi og skyldur varðar en einhliða ákvarðanir um laun fámennra hópa sem annast æðstu stjórn samfélagsins. Ítrekað skal að eðlilegt og sjálfsagt er að höfð sé hliðsjón af almennri launaþróun, en varasamt þykir að binda hendur kjararáðs með aukinni áherslu á þetta, sbr. orðið „ætið“, ef það getur leitt til þess að öðrum markmiðum verður ekki náð, og ef það ýtir jafnvel enn frekar undir bein afskipti annarra aðila, af ákvörðunum kjararáðs. Illíðanlegt er fyrir þá sem eiga laun sín undir, og eru bundnir af, einhliða ákvörðun kjararáðs, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu geti ítrekað valdið því að þeim sé breytt.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á sjálfstæði kjararáðs. Í ljósi fenginnar reynslu virðist jafnvel vera ástæða til þess að tryggja það enn frekar en þar er gert svo

friður megi ríkja um störf ráðsins og ákvarðanir þess fái að standa. Því er mikilvægt að ekki fari á milli mála hver lagaleg staða kjararáðs er og er mælt með að það sé tekið fram berum orðum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr. Engin athugasemd.

2. gr. *1. mgr.* Engin athugasemd.

2. mgr. Fram hafa komið vissar efasemdir um tilhögun við skipan ráðsins, þ.e. að Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn. Rök nefndarinnar í athugasemdum við greinina eru í sjálfu sér góð, þau að tryggja eigi fjölbreyttan bakgrunn ráðsmanna og sjálfstæði ráðsins. Einnig að með þessari tilhögun sé lögð áhersla á ábyrgð þingsins á ákvörðunum ráðsins. En ekki er víst að þessi tilhögun beri tilætlaðan árangur. Einnig gætir hér vissrar mótsagnar. Því markmiði að „tryggja sjálfstæði ráðsins í heild gagnvart hverjum og einum þætti ríkisvaldsins“ verður ekki augljóslega náð með því að einn valdþátturinn velji þrjá fulltrúa á móti einum er hinir velja. Á móti þessu vega hins vegar ákvæði 3. mgr. greinarinnar og 4. mgr. 10. gr.

Að því er varðar dómara er það sérstakt áhyggjuefni að pólitískt vald og dægurumræða geti haft áhrif á kjör þeirra. Slíkt samræmist illa þeirri alvarlegu kröfu sem gerð er til sjálfstæðis dómstóla og er nauðsynlegt í réttarríki. Það að dómstólar tengjast kjaradeilum í samfélaginu á þann hátt sem orðið hefur skaðar ímynd þeirra og traust almennings til dómstóla.

3. mgr. Sá tilgangur ákvæðisins að tryggja með þessu sjálfstæði ráðsins er góður. Ekki verður komist hjá því að benda á að í valdi meirihluta gætu þeir fulltrúar er þingið velur ráðið niðurstöðu.

3. gr. Eðlilegt er að fullskipað kjararáð ákveði laun allra handhafa ríkisvaldsins og eingöngu þeirra.

4. gr. *1. mgr.* Engin athugasemd.

2. mgr. Engin athugasemd.

5. gr. Engin athugasemd.

6. gr. *1. mgr.* Engin athugasemd.

2. mgr. Engin athugasemd.

7. gr. Engin athugasemd.

8. gr. *1. mgr.* Engin athugasemd.

2. mgr. Óljóst er að hvaða marki hin nýju áhersluorð „ætið“ og „almennrar“ er ætlað að þjóna. Ekki er annað upplýst en að Kjaradómur hafi fylgt þeim fyrir mælum „að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðnum en ekki móta hana“, en síðbúnar leiðréttingar launa hafa gjarnan verið túlkaðar á öndverðan hátt. Þykir vera hættu á að

